



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**

**Hugvísindasvið**

**Gabríela Friðriksdóttir og *Versations***

*Hugarheimar Gabríelu skoðaðir út frá súrreallískum kenningum*

Ritgerð til B.A.-prófs

Þórunn Soffía Þórðardóttir

Maí 2011

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Listfræði

# Gabríela Friðriksdóttir og *Versations*

*Hugarheimar Gabríelu skoðaðir út frá súrrealískum kenningum*

Ritgerð til B.A.-prófs

Þórunn Soffía Þórðardóttir

Kt.: 170985-2229

Leiðbeinandi: Æsa Sigurjónsdóttir

Maí 2011



Í þessari ritgerð mun ég fjalla um verk Gabríelu Friðriksdóttur myndlistakonu. Ég mun reyna að svara spurningunni um hvort hægt sé að greina áhrif súrrealisma í verkum hennar. Þá mun ég sýna fram á hvernig hún persónugerir form og sýnir tilfinningar, hvatir og sálarlíf í verkum sínum.

Ritgerðinni skiptist í fimm kafla. Í fyrsta kafla er Gabríela kynnt til sögunnar og námsferill hennar rakinn í stuttu máli. Einnig er greint frá þeim aðilum sem höfðu mikil áhrif á þróun hennar sem listamanns, en þar má nefna Súm hópinn og listamanninn Matthew Barney. Í öðrum kafla er greint frá tengslum Gabríelu við súrrealismann. Í kjölfarið er Gabríela bendluð við “abject art” og eru verk hennar útskýrð út frá þeirri kenningu. Í þriðji kafla fjallar um listsýningar Gabríelu og verk hennar sett í samhengi við kenningar André Bretons sem skrifaði *Stefnuyfirlýsingu súrrealista*. Í fjórða kafla er fjallað um eitt stærsta verkefni Gabríelu, *Versations/Tetralógía*, sem hún setti upp á Fenevjartvíæringnum árið 2005. Sagt er frá vinnuferlinu og hugmyndafræðinni. Að lokum er sett fram niðurstaða ritgerðarinnar.

## Efnisyfirlit

1. Gabriela Friðriksdóttir.....	8
2. Er Gabriela súrrealísk?.....	12
3. Hugmyndafræði Gabrielu skoðuð út frá súrrealískum kenningum.....	14
3.1. Are you ready to rock?.....	14
3.2. Dýr inni dýr úti .....	15
3.3. Operazione Dramatica .....	17
3.3.1. Gabriela og “abject art”.....	18
3.4. Þessa heims og annars .....	19
3.5. Kaparsis .....	20
4. Versations/Tetralógía.....	22
4.1. Hvað er Versations/Tetralógía? .....	22
4.2. Hugmyndaheimur .....	24
4.3. Tónlist Tetralógíu .....	25
4.4. Upplifun áhorfandans .....	26
Niðurlag og lokaorð .....	28
Heimildaskrá.....	30



Hér verður fjallað um verk Gabríelu Friðriksdóttur, hugmyndaheim hennar og reynt að túlka verk hennar út frá kenningum André Bretons sem birtust í *Stefnuyfirlýsingu súrrealista* (1924).<sup>1</sup> Sagt verður frá áhrifavöldum Gabríelu en þeir eru listamenn á borð við Matthew Barney, tengsl hennar við “abject art”<sup>2</sup> og hvernig hún notar súrrealískar vinnuaðferðir í verkum sínum.

Ritgerðin hefst á stuttri kynningu á listferli Gabríelu. Þá er fjallað um helstu sýningar hennar.

Áhersla er lögð á stærsta verk hennar *Versations/Tetralógía* og í lokin segir höfundur frá sterkri upplifun sinni á verkinu á sýningu í Listasafni Reykjavíkur árið 2006.

Í ritgerðinni er leitast við að svara því hvort verk Gabríelu séu súrrealísk. Hvernig notar hún vinnuaðferðir súrrealista og hvernig setur hún fram draumaheima, melankólíu og hugarheima á súrrealískann hátt.

---

<sup>1</sup> *Yfirlýsingar – Evrópska framúrstefnan*. Ritstjóri Vilhjálmur Árnason. Íslenskar þýðingar og skýringar eftir Áka G. Karlsson, Árna Bergmann og Benedikt Hjartarson sem jafnframt ritaði inngang. Hið íslenska bókmenntafélag, 2001. Bls. 379-497

<sup>2</sup> Abject art er listastefna sem leitast við að sýna líkamann á ögrandi hátt. Stefnan er sprottin af súrrealisma og feminisma. Tate Collection: “Abject art” <http://www.tate.org.uk/collections/glossary/definition.jsp?entryId=7>

## 1. Gabriela Friðriksdóttir

Gabríela Friðriksdóttir fæddist í Reykjavík árið 1971. Hún útskrifaðist úr Menntaskólanum í Reykjavík árið 1992 en þaðan lá leiðin í myndlistarskólann Rými og síðar í Myndlista- og handíðaskólann og lauk hún námi þaðan árið 1997 með BA gráðu í skúlpúr.<sup>3</sup> Það var þó ljóst frá upphafi að Gabríela myndi ekki halda sig við einn miðil því hún byrjaði snemma að prófa sig áfram með skúlpúr, málverk, innsetningar og síðar bættust við tón- og myndbandsverk.

Gabríela hefur tilhneigingu til að blanda saman mismunandi miðlum og það má segja að þar megi greina áhrif frá Súm hópnum sem breytti íslenski myndlist á sjöunda áratug síðustu aldar. Súmararnir hófu að prófa sig áfram með nýja miðla á borð við skúlpúra úr nytjahlutum og innsetningar. Á sýningu árið 1970 hneykslaði Kristján Guðmundsson almenning með verkum sem voru myglað brauð og sláturkeppir.<sup>4</sup> Súmarar settu á svið nýstárlega gjörninga og lögðu hart að sér við að hneyksla almenning eins og hægt var. Þeir ruddu brautina fyrir myndlistarmenn næstu kynslóða sem voru ekki lengur undir þeim þrýstingi að þurfa að vinna með „viðurkennda“ listmiðla á borð við málverkið, heldur voru innsetningar orðin viðurkennd listform. Því má segja að Súmararnir hafi verið fyrstu áhrifavaldar Gabríelu.

Súmararnir vildu hneyksla áhorfandann en Gabríela vill auka upplifun áhorfandans, jafnvel með því að gera áhorfandanum billt við. Það sem hefur alltaf einkennt íslenska myndlistarmenn er hvernig þeir vinna úr þjóðararfinum. Íslensk myndlist hefur oft vísað til íslenskrar menningar, þjóðsagna og íslensks landslags. Íslenskar afurðir eru oft notaðar sem efniviður í listaverkin sjálf. Þar má meðal annars nefna sláturkeppinn sem Kristján Guðmundsson sýndi árið 1970.<sup>5</sup>

---

<sup>3</sup> „Gabríela með innsetningu í Galleríi Sævars Karls.“ *Morgunblaðið*, 29. janúar. 1999.  
[http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=446070](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=446070)

<sup>4</sup> Halldór Björn Runólfsson. 2009. Times of Continuous Transition. *Icelandic Art Today*, bls. 10-27. Hatje Cantz Forlag, Ostfildern. Bls. 19

<sup>5</sup> Halldór Björn Runólfsson, bls. 19

Ólafur Gíslason. 1989. *SÚM 1965-1972 Eftirmáli. SÚM 1965-1972*. Listasafn Reykjavíkur. Bls. 32-33



Einn mesti áhrifavaldur Gabríelu er Matthew Barney (f. 1967). Barney er þekktastur fyrir kvikmyndirnar CREMASTER sem hann vann að á tímabilinu 1995-1997. Í myndunum fer Barney sjálfur í hin ýmsu hlutverk goðsögulegra manna og vera á borð við satýra, töframanna eða morðingjans Gary Gilmore. Kvikmyndirnar eru samblanda af mannkynssögunni, sjálfsævisögu Barneys, goðafræði og draumaheimi listamannsins þar sem ýmsar táknmyndir renna saman og mynda annan raunveruleika.<sup>6</sup> Það sem Gabríela og Matthew eiga sameiginlegt er þessi draumaheimur sem þau skapa í verkum sínum. Þau heillast bæði af goðsögum og leitast við að sýna nýjar víddir raunveruleikans. CREMASTER myndir Barneys hafa haft ótvíræð áhrif á Gabríelu eins og sést í því hvernig hún skapar sinn eigin draumaheim í verkum á borð við *Versations/Tetralógía* en þar er Gabríela undir miklum áhrifum frá myndböndum Barneys hvað varðar persónusköpun, sögusvið og efnisnotkun.

Árið 2005 unnu Gabríela og Barney saman og settu upp sýningu á Listahátíð Reykjavíkur. Á sýningunni, sem hét *Operazione oesophagus / Hoist*, sýndu þau myndbandsverk sem unnin voru út frá orðunum „mold, gubb og slím.” Gabríela sýndi myndbandsverk sem hét *Operazione oesophagus* sem þýðir „aðgerð á vélinda”. Í verkinu er kvenpersóna með áberandi kynfæri. Gabríela persónugerir vélinda fígúrunnar þar sem vélindað stígur út úr persónunni og gubbar slími. Verkinu má lýsa sem svo; kvenkyns persóna stendur undir tjaldi gerðu úr strigapokum og jörðin er þakin hálm. Kvenpersónan er í standandi fæðingarstillingu, sköp hennar eru teygð eftir fæðinguna og lærin eru þakin blóði. Vélindað, sem liggur á jörðinni, líkist limlestri brúðu. Þar sem Gabríela persónugerir vélindað hefur hún gefið því sjálfstætt líf utan mannlíkamans. Myndbandsverk Barneys hét *Hoist* en þar sýndi hann persónu sem hét Greenman. Myndbandið sýnir Greenman hafa mök og fá sáðfall, en þá spýtist úr honum slímugur vökvi eins og í verki Gabríelu. Þarna eru Gabríela og Barney að fjalla um lífsneistann með því að sýna kynfæri, líkamsop og getnað.<sup>7</sup> Verk Barneys, snerist um raunsæja mynd af því hvernig líf verður til og Gabríela vann út frá því sína eigin útgáfu; kvenpersónuna með vélindað.

---

<sup>6</sup> “Matthew Barney. Biography.” Sótt 10. maí 2010 <http://www.pbs.org/art21/artists/barney/index.html>

<sup>7</sup> Fréttasafn. 14. Maí 2005. „Ný sýning á Listasafninu.” Akureyri.is. Sótt 27. desember 2010 <http://www.akureyri.is/frettir/frettasafn/nr/6099>

Gabríela hefur tilhneigingu til að líta á form sem lifandi verur en oft er erfitt að sjá um hvers konar veru er um að ræða hverju sinni. Þær eru misjafnar í útliti og fer það eftir efnivið og hverju Gabríela vill ná fram hverju sinni. Verurnar líta út fyrir að koma úr öðrum heimi, þær eru oft ókennilegar í útliti með fjölda útlíma. Þær geta líka verið limlestar og ljótar úr grófum efniviði líkt og gifsi, timbri eða grjóti. Gabríela notar mikið hvíta og svarta liti en yfirleitt er að finna liti á borð við bleikann, rauðann og gulan í verkum hennar. Þegar um er að ræða teikningar, málverk eða skúlptúra eru verurnar líkari örverum eða skepnum. Þegar um er að ræða myndbandsverk þá verða verurnar meira að nokkurskonar náttúruverum í mannsmynd þar sem þær eru leiknar af fólki í búningum.

Verk Gabríelu eru oft undir áhrifum frá íslenskum þjóðsögum og íslenskri náttúru. Sem dæmi má nefna *Versations/Tetralógía* en það verk minnir á náttúruöflin og verurnar í verkinu mynna á þjóðtrúna, tröll og náttúruverur. Gabríela notar oft efni úr íslenskri náttúru, t.d. tré, hey, grjót og hraun. Verkin bera með sér mikla hugmyndavinnu og ætla má að Gabríela lesi ýmis konar fræði á borð við sálfræði, þjóðsögur og fleira sem viðkemur sálarlífi manneskjunnar. Orðið *versations* þýðir samspil og í verkum Gabríelu kemur þetta samspil fram á margan hátt. Gabríela spilar saman mörgum miðlum, hún spilar saman ólíkum hugmyndum og lætur verkin spegla hvort önnur á sýningum. Enn og aftur má nefna *Versations/Tetralógía* þar sem Gabríela sýndi fjögur myndbandsverk sem spegluðu hvort annað. Myndbandsverkin táknuðu höfuðáttirnar fjórar þar sem þeim var stillt á móti hverju öðru og mynduðu þannig speglun.

Í sýningarskrá *Þessa heims og annars* segir um vinnuferli Gabríelu; „Gabríela fálmar með ólíkum efnum, lætur þau leiða sig áfram og er alltaf með nokkur verk í vinnslu í einu. Þegar hún er strand í einu leiðir hún hugann að því næsta, hún skissar takmarkalaust og velur síðan úr því safni eitthvað til þess að vinna áfram með.”<sup>8</sup> Markús Þór Andrésson líkir vinnuferli Gabríelu við „úrvinnsluferli sem er aðeins að hluta til meðvitað”<sup>9</sup> Hún vinnur út frá ákveðnu flæði sem kemur yfir hana þegar rannsóknarvinnunni lýkur, hún lætur hugmyndavinnuna brjótast fram í

---

<sup>8</sup> Markús Þór Andrésson. 2007. *Þessa heims og annars*. Listasafn Árnesinga, Hveragerði. Bls. 8-9

<sup>9</sup> Markús Þór Andrésson, bls. 8

skissunum og gefur hugmyndafluginu lausan tauminn. Gabriela hikar ekki við að ræða hugmyndavinnuna eða öllu heldur hugmyndafræðina sem liggur að baki hverju verki og hverri sýningu. Hún er mjög opin fyrir því að deila hugmyndum sínum með áhorfendum og oft er að finna mjög ítarlega texta um verkin í sýningarskrám. Hún ræðir vinnuferlið í þaula í viðtölum og talar jafnt um vandamál vinnunnar sem og það sem vel gekk. Hún talar oft um flæðið sem hún leyfir að renna í gegn án þess að stoppa. Aðferðir hennar minna á það sem franskir súrrealistinn André Breton lýsir í *Stefnulýsingu súrrealista*. Samkvæmt Breton á listamaðurinn fyrst að koma sér í „eins hlutlaus og móttækilegt hugarástand“<sup>10</sup> og hann getur. Listamaðurinn á að gleyma öllu því sem hann kann og vinna hratt, svo hratt að hann nái ekki að hugsa um það sem hann er að gera.

Þessi vinnuaðferð Bretons er ekki svo ólík vinnuaðferð Gabríelu að því undanskyldu að ólíkt Breton aflar Gabríela sér upplýsinga áður en hún byrjar vinnuflæðið. Hún lætur upplýsingarnar leiða sig áfram og skapar þannig verkið. Breton notar undirveðvitund sína til að skapa eðli verksins en Gabríela meðvitað matar undirveðvitundina fyrst með upplýsingum sem hugur hennar vinnur úr og verkið verður til.<sup>11</sup>

---

<sup>10</sup>Yfirlýsingar – Evrópska framúrstefnan, bls. 425

<sup>11</sup> Auður Ólafsdóttir. 2005. Á kafi í aðgerðum. Um myndlist Gabríelu Friðriksdóttur. *Skírnir* 179 (vor), bls. 222

## 2. Er Gabriela súrrealísk?

Í stefnuyfirlýsingu súrrealista skilgreinir Breton inntak súrrealismans; „Súrrealismi grundvallast á trú æðri veruleika viss afbrigðis hugsanatengsla sem hafa verið vanrækt, á almætti draumsins, á óháðan leik hugsunarinnar. Hann stefnir á geryðingu allrar annarrar sálarstarfsemi og hyggst taka yfir hlutverk hennar til að leysa lykilvandamál lífsins.”<sup>12</sup>

„Súrrealismi er byggður á trúnni á meiriháttar raunveruleika af einskona áður höfnuðum tengingum, að hafa óendanlegt afl draumsins, án áhuga á útkomunni.”<sup>13</sup> Það sem skiptir mestu máli er draumurinn sjálfur, ekki forvinnan og ekki útkoman. Aðeins ástandið sem listamaðurinn er í þegar á vinnunni sjálfri stendur. Gabriela leggur áherslu á flæðið, eins og hún kallar það, í listsköpun sinni og í verkum hennar má sjá þennann draum sem súrrealistarnir tala um. Draumurinn sést í útkomunni þegar verkið er tilbúið og það er búið að setja það upp á sýningu. Draumurinn er tilfinningin sem áhorfandinn fær þegar hann gengur inn í rýmið og upplifir stemninguna í verkinu. Draumurinn sést glögg í *Versations/Tetralógía* þar sem áhorfandinn gengur inn í ævintýraheim.

André Breton hélt því fram að listamaður ynni ekki í sönnum anda súrrealismans fyrr en hann hefði náð tökum á flæðinu þannig að listin flæddi úr djúpum víddum hugarheims listamannsins. Hann taldi að allir gætu lært að beita flæðinu við listsköpun og því hefði listin ekkert með hæfileika að gera.

Súrrealismi snýst um það hvernig listamaðurinn túlkar drauminn. Draumurinn er sú mynd sem undirmeðvitundin býr til út frá hugsunum einstaklingsins, en þessar hugsanir fær einstaklingurinn úr daglegu lífi. Súrrealistarnir túlkuðu drauminn með hjálp sálfræðikenninga Freuds sem fjölluðu oft en ekki um niðurbældar hvatir manneskjunnar. Gabriela túlkar sína drauma með verkum sem sýna mannlegar tilfinningar. Þessar tilfinningar eru oft myrkar og niðurbældar en líka glettnislegar. Í rauninni má segja að með verkum sínum sé Gabriela að sýna

---

<sup>12</sup> Yfirlýsingar – Evrópska framúrstefnan, bls. 425.

<sup>13</sup> Richard Leslie. “Surrealism. The Dream of Revolution.” sótt 12. mars 2010. History of Art. [http://www.all-art.org/history800\\_dream\\_of\\_revolution3.html](http://www.all-art.org/history800_dream_of_revolution3.html) Sótt 10. mars 2010

okkur inn í aðra vídd eða annan heim, en sá heimur er illþekkjandlegur því hann er fullur af óhugnaði en vekur jafnframt aðdáun.<sup>14</sup>

Melankólía er þekkt sem þunglyndi í dag en á öldum áður þótti melankólían vera nokkurskonar myrk snilligáfa, gerðar voru margar rannsóknir á fyrirbærinu og var hugur fólks með melankólíu krufinn til mergjar til að komast að leyndardómum fyrirbærisins. Þegar Gabríela vann undirbúningsvinnuna fyrir sýninguna þá hafði hún hugmyndir súrrealista til hliðsjónar. Hún skapaði þarna verur sem voru eingöngu sprotnar úr hugmyndinni um það hvernig melankólía liti út ef hún væri í fomi lifandi veru. Verur Gabríelu eru ljótar en þó krúttlegar, þær eru bjargarlausar en búa þó yfir einhverskonar vitneskju sem er hulin okkur hinum. Á yfirborðinu virðast dýrin vera aumkunarverð en undirniðri hafa þau vissa útgeislun, þau eru fallega ljót.

---

<sup>14</sup> Celia Rabinovich. 2004. *Surrealism and the Sacred*, bls. 24-25.

### 3. Verk Gabríelu skoðuð út frá súrrealískum kenningum

#### 3.1. Are you ready to rock?

Árið 1999 hélt Gabríela sýningu í Vestmannaeyjum sem kallaðist „Are you ready to rock 1” og í framhaldinu aðra sýningu á Ísafirði sem hét „Are you ready to rock 2” þar sýndi hún innsetningar með blönduðum miðlum; skúlptúr, málverki og hljóðverkum.<sup>15</sup> Miðpunktur innsetningarinnar var vera með marga arma sem gaf frá sér raftónlist sem var ýmist hröð eða hæg og setti stemninguna á sýningunni. Veran stóð á miðju gólfi og mynnti á kolkrabba þar sem armarnir lágu umhverfis hana.

Skúlptúrarnir á sýningunni voru á hjólum þannig að sýningargestir gátu fært þá til að vild innan rýmisins. Sýningin var hönnuð með það í huga að áhorfendur gætu komið inn í rýmið, fyllst innblæstri af verkunum og í kjölfarið gætu þeir breytt sýningunni og fært verkin til eftir hentugleika. Útlit innsetningarinnar fór því allt eftir líðan eða skapi sýningargesta hverju sinni. Það má því segja að sýningin hafi orðið að nokkurskonar leikhúsi þar sem leikmunirnir voru verk Gabríelu og leikararnir voru áhorfendur sem spunnu leiksenur í sýningasalnum.

Þetta var í fyrsta skipti sem Gabríela kom fram með þessa hugmynd, þar sem hún skapar verkin og sýningargestir setja saman sýninguna eftir eigin stemningu. Í dag kallast þessi stefna þátttökulist og þar útvegar listamaðurinn efniviðinn sem sýningargesturinn notar og skapar verkið út frá honum.

Hugmyndin að þessu samspili á milli áhorfenda og listamanna kom frá mönnum á borð við Allan Kaprow en hann var vann með gjörninga. Þátttökulist er þó ólík gjörningi að því leyti að áhorfendur fá að taka þátt í listinni en gjörningur er meira eins og leikrit sem listamaðurinn setur fram og áhorfendur horfa á en taka ekki þátt í. „Hann leitar ekki skjóls í einangrun vinnustofunnar, eða felur sig bak við verk sín, verndaður af hvítum veggjum sýningarsalanna. Víða í samtímalist undanfarinna ára má sjá merki þess hvernig listamenn hafa gert hlutverk

---

<sup>15</sup> „Skúlptúr, innréttuð málverk og rafrænir tónar” *Morgunblaðið*, 31. Mars. 1999. Sótt 30. September 2009 [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=459073](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=459073).

listamannsins og stöðu í samfélaginu að viðfangsefni.”<sup>16</sup> Myndlist snýst meira um listamanninn sjálfann heldur en listina, fyrir sakir listarinnar. Verk Gabríelu skipta ekki meginmáli heldur það sem hún, sem listamaður, hefur að segja um innihald og útkomu verksins.

### 3.2. Dýr inni dýr úti

Gabríella sýndi skúlptúra á sýningunni *Dýr inni dýr úti*, árið 2001 í Gallerí Sævars Karls. Eins og áður blandaði hún saman mismunandi miðlum í innsetningu; skúlptúrar voru á veggjum og á gólfi ásamt tónlistarverki og myndbandsverki. Skúlptúrnir voru úr gífsi og tréi og voru allt verur í dýralíki. Dýrin eru aflimuð eða sett saman á afkárlega vegu. Súrrealistinn Hans Bellmer gerði skúlptúra á svipaðann hátt en hann setti saman brúður sem voru limlestar og rangt settar saman eða vanskapaðar.<sup>17</sup> Nálgun Bellmers á limlestar gínur sínar voru erótískar og jafnvel pervertískar. Hinsvegar er nálgun Gabríelu á limlesta dýraskúlptúra allt önnur. Dýrin hjá henni eru krúttleg í sjálfu sér, falleg þó að þau séu ljót. Þau eru ljót að því leiti að þau eru limlest og illa farin en þau eru falleg vegna þess að þau eru lifandi verur og hafa sál. „Kynjadýrin bjuggu yfir mannlegum eiginleikum, voru dýr sem áttu bággt, sorgmædd eða þunglynd dýr, einnig dýr með sjálfseyðingarhvöt, jafnvel í sjálfsmorðshugleiðingum.”<sup>18</sup> Dýrin bjuggu eitt sinn yfir náttúrulegri fegurð en nú er búið að afskræma þau og því er fegurð þeirra meira á tilfinningalegu plani, þau eru falleg á gróteskan hátt og fá áhorfandann til að horfa á fegurðina hið innra.

Á opnunardaginn flutti Gabríela gjörninginn *Anima animalae* ásamt Margréti Vilhjálmsdóttur. Nafn gjörningsins má þýða sem „sál dýranna.” Þær Gabríela og Margrét spiluðu á flygil og fiðlu. Í lokin hringdi vekjaraklukka og gaf þannig til kynna að gjörningum væri lokið. Gabríela notar mikið tónlist með verkum sínum og „hún nálgast tónlist á svipaðan hátt og

---

<sup>16</sup> Gunnar. J. Árnason. 2001. Þorvaldur Þorsteinsson: Listamaður í gagnvirki samfélagsins. *Skirnir*, bls. 590-591.

<sup>17</sup> Biography. “Hans Bellmer Kattovitz 1902 – Paris 1975.” Sótt 15. maí 2019 <http://www.hans-bellmer.com/>.

<sup>18</sup> Auður Ólafsdóttir, bls. 225.

málverk eða skúlptúr, sem rannsókn á möguleikum miðilsins, ekki hvað síst með tilliti til samspils myndmáls og tónlistar.”<sup>19</sup>

Gabríela samdi *Dýrasónötuna* sérstaklega fyrir sýninguna og ómaði verkið í innsetningunni og setti þannig stemninguna, líkt tónlistin hafði gert í „Are you ready to rock 1 og 2”.

Í viðtali við *Morgunblaðið* sagði Gabríela um sýninguna:

„Hver og einn hlutur hefur haft sinn tíma og sum verkin eru unnið mjög hratt, en önnur hægar. Það má eiginlega segja að ég hafi algerlega farið eftir hjartanu eða brjóstvitinu því að þessi sýning er ekki greindarpróf heldur fjallar hún meira um tilfinningu eða skapið sem ég reyni að setja í hlutina. Þegar ég vann t.d. píanóverkið þá spilaði ég það inn á band með þá tilfinningu í huga að ég væri mállaus, eins og kind að heimsækja geiturnar í Sædýrasafninu. Verkin eru einnig unnin á þennan hátt, því má segja að þarna sé um að ræða að koma skapinu í skapnaðinn eða öfugt. Það var einhver sem nefndi það við mig um daginn hvort ég hefði ef til vill fengið snert af andlegri kúariðu og ég held að það sé nokkuð til í því, en það er líklega sjúkdómur sem hefur alltaf hrjád mig, en hefur nú fengið nafn.”<sup>20</sup>

Myndbandsverkið sneri út í glugga, í áttina að Bankastræti. Verkið nefndist „Fernando” og var í spilun út sýninguna þannig að gangandi vegfarendur gátu horft á það án þess að fara inn á sýninguna. Þannig fékk fólkið á götunni líka að sjá það sem var að gerast innan á sýningunni.

Í einu horninu lá hvítt gæruskinn á gólfinu, við vegginn næst gæruskinninu voru málverk og lágmyndir í dýralíki og við vegginn á mótí voru skúlptúrar sem minntu helst á líkamsparta. Við síðasta vegginn voru lágmyndir í líki hausa af dýrum ásamt skúlptúrs af skepnu á haus og nokkurskonar síamstvíburum í dýralíki. Verurnar eru vafðar í gifs og eru með birkiagreinar fyrir útlími.

---

<sup>19</sup> Auður Ólafsdóttir, bls. 226.

<sup>20</sup> „Rómantískar aðgerðir.” *Morgunblaðið*, 17. febrúar. 2001 Sótt 30. september 2009 [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=589551](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=589551)



### 3.3. Operazione Dramatica

Seinna sama ár hélt Gabríela sýningu í Gerðarsafni, sýninguna nefndi hún *Operazione Dramatica* sem má þýða sem „Dramatískar aðgerðir”. Á sýningunni sýndi hún eins og áður skúlptúra, málverk, tónverk og myndbönd en að þessu sinni var heill sýningarsalur tileinkaður skúlptúrum. Skúlptúrnir voru ýmist úr tré eða gifsi og voru í líki nokkurskonar fígúra.

Blaðamaður *Morgunblaðsins* tók viðtal við Gabríelu þar sem hún talaði um sýninguna:

„Ég byrjaði í raun dálítið útópískt, með fegurð og glans, en er búin að losa mig við ákveðna hluti, sem hafa verið fallegir við fyrstu sýn, en ekki virkað áfram. Það er ekki hægt að segja að ég fylgi hinni heilsteypu móðernísku fagurfræði, henni má frekar lýsa sem nokkurs konar fagurfræði ljótleikans, í skúlptúrunum er t.d. verið að spyrja ákveðinna spurninga um styttuna, Styttan er í raun mjög erfitt form, og er mjög sterk krafa um það í dag að ryðja henni úr vegi. Ég vil hins vegar ekki sleppa hendinni af styttni sem formi, og eru skúlptúrnir t.d. allir á sínum hefðbundna stöpli. Skúlptúrnir, ljóðverkið og málverkin eru t.d. öll þannig að áhorfandinn gæti farið að greina myndir og fígúrus, en það er þó alveg á mörkunum. Það er í raun spurning hvort maður vill lesa myndir úr verkunum, og skapast þarna ákveðin togstreita sem ég reyni að ná fram”<sup>21</sup>

Gabríela hafði áður haldið tvær aðrar sýningar sem báru nafnið *Operazione*, það voru *Operazione Romantica* og *Operazione Poetica*. Sýningarnar voru haldnar í Gerðarsafni árið 2002. Í *Morgunblaðinu* kallaði Gabríela sýningarnar „listrænar aðgerðir” og lýsti þeim sem svo;

„Aðgerð er einfaldlega rétta orðið til að lýsa minni listsköpun. Þar legg ég ekki upp með fyrirfram skipulagt verkefni, heldur byrja ég bara og verður verkið til í gegnum það ferli. Listaverkið er síðan sú tilfinning sem aðgerðin býr til. Í verkunum reyni ég í raun að búa til einhvers konar gedmengi, eitthvert samsafn augnablika, hugsana og tilfinninga. Verkin eru því nokkurs konar uppstoppunar á hugmyndum, og er ég því í nokkurs konar krufningarvinnu. Margir myndu kannski lýsa þessari vinnu sem ferli, en mér finnst hugtakið aðgerð eiga betur við, því ég er alveg ofan í efniviðnum, subbast í honum og fæ slettunar á mig.”<sup>22</sup>

Listgagnrýnandinn Jón B. K. Ransu skrifaði um sýninguna. Þar fjallaði hann um skúlptúrana út frá fagurfræðilegu sjónarhorni og talar þar um gróteska fegurð. Ransu segir í grein sinni að það séu tvær hliðar á fegurð, að fegurð geti verið samfélagsleg og þar af leiðandi mótuð

<sup>21</sup> „Uppstoppaðar hugmyndir.” *Morgunblaðið*, 26. október. 2002 Sótt 30. september [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=694826](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=694826)

<sup>22</sup> *Morgunblaðið*. „Uppstoppaðar hugmyndir”

af samfélaginu og sé hugmyndaþing, annarsvegar geti fegurð verið náttúruleg og sé hún þá eðlisleg og tilfinningaleg.<sup>23</sup>

Verkin þykja ef til vill ósköp ljót samkvæmt nútímalegri staðalímynd fegurðar. Hinsvegar gætu verkin þó verið falleg í sjálfu sér þar sem innihald þeirra er frekar krúttlegt, enda eru skúlptúrarnir frekar litlir og í líki nokkurskonar dýra. Það er innihaldið sem skiptir máli, inntakið fram yfir útlitið. Litlum börnum er kennt að þau eigi að vera þau sjálf og aðeins þannig séu þau raunverulega falleg en samfélagið segir að maður þurfi að fara eftir ákveðnum reglum til að vera fallegur, líta rétt út, gera réttu hlutina, hugsa á réttann hátt og fl. Dýraskúlptúrar Gabríelu minna okkur á að það sé innihaldið sem skipti máli og að fegurð sé afstæð. Dýraskúlptúrarnir eru undir miklum áhrifum frá “abject art“ að því leyti að dýrin eru sýnd auðvirðileg og gölluð en “abject art“ leitast við að sýna líkamann á auðvirðilegan og afkáralegan hátt.

### 3.3.1. Gabríela og “abject art”

“Abject art” listastefnan er greind í bók Julíu Kristevu frá árinu 1980<sup>24</sup>. Þar fjallar Kristeva um það hvernig líkaminn kemur fram í listaverkum. Hún skilgreinir líkamann þegar hann er settur fram á þann hátt að hann hneyksli fólk, t.d. limlestan líkama, líkama sem eru settir fram á ögrandi eða afkáralegan hátt. Kristeva tengir þessa fagurfræði bæði við súrrealismann og feminismann.<sup>25</sup> “Abject art” kemur þannig fram í súrrealismanum (t.d. hjá Bellmer) að listamaðurinn vinnur líkama út frá flæði hinnar innri meðvitundar en þegar “abject art” kemur fram á feminískan hátt þá er oftast ekki verið að deila á það hvernig kvenlíkaminn er sýndur í samfélaginu. Sem dæmi um þetta má nefna verk eftir Judy Chicago sem nefnist *Menstruation bathroom*, frá árinu 1972, en verkið snýst um tíðir kvenna. Verkið er þannig að kvengínu er komið fyrir í hillu innan um handklæði eða klúta. Við hliðina er ruslafata sem er full af notuðum

<sup>23</sup> Jón B. K. Ransu. 2002. „Grótesk fegurð.“ *Morgunblaðið*, 6. nóvember. 2002.  
[http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=696723&searchid=ba84e-6af5-ba7da](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=696723&searchid=ba84e-6af5-ba7da)

<sup>24</sup> Kristeva, Julia. 1980. *Desire in language: a semiotic approach to literature and art*. Columbia University Press. Bls. 305

<sup>25</sup> Tate Collection. “Abject art” Sótt 15. maí 2010.

dömubindum, túrtöppum og klósettpappír. Þarna er verið að sýna þá eiginleika kvenlíkamans sem almennt þykir ekki til siðs að ræða. Líkt og Judy Chicago fjallar Gabríela um hluti sem ekki má ræða eða sýna. Gabríela hefur í dýraskúlptúrum sínum skapað verur sem eru limlestar, í ögrandi eða afkáralegum stellingum. Verk Gabríelu hafa tilhneigingu til að hneyksla eða valda viðbjóð með því að sýna skrokka, bæði manna og dýraskrokka, sem ófullkomnar og aumkunarverðar skepnur.

### 3.4. Þessa heims og annars

Árið 2004 voru nokkur af verkum Gabríelu sýnd á samsýningu í listasafni Árnesinga með Einari Þorlákssyni listmálara. Tilgangur sýningarinnar var að bera saman listamennina með kynslóðabil í huga. Einar fæddist árið 1933 en Gabríela árið 1971 og því er áhugavert að skoða og bera saman muninn á verkum Gabríelu og Einars sem er listamaður af allt annarri kynslóð. Gabríela og Einar voru sýnd saman vegna þess að bæði sýna þau fígúrir í verkum sínum. Á sýningunni voru vinnuaðferðir þeirra bornar saman vegna þess að bæði vinna þau út frá hinu sjálfsprottna, Gabríela vinnur út frá hugmyndafræði súrrealismans eða hinu ósjálfráða en Einar vinnur út frá hugmyndafræði Cobra.

Fígúrnar í myndunum héldu sýningunni saman. Fígúrir Gabríelu eru oft kjánalegar verur, þær eru skrýtnar í laginu með arma og augu, sem er það sem fær áhorfandann til að hugsa um formin sem lifandi verur. Í sýningarbækling *Þessa heims og annars* segir Markús Þór Andrússon um fígúrir Gabríelu;

„Þar er oft að finna afbyggingu á mannlíkamanum og anatómíu dýra, fígúrir mótaðar úr kunnuglegum líkamspörtum, stundum með kynferðislegum undirtón. Persónurnar standa ýmis einar jafnframt því að eiga í samskiptum eða átökum innbyrðis. Það má ýminda sér að fantasían sé myndgerving á hugarástandi eða tilfinningum, þeim er gefið líf sem fígúrum til þess að virða megi fyrir sér þessi óhlutbundnu fyrirbæri. Þær eru ýktar, bjagaðar og gjarnan háflaumkunarverðar í ljótleika sínum.“<sup>26</sup>

---

<sup>26</sup> Markús Þór Andrússon, bls. 8

Verk Gabríelu eru sannarlega litrík í sjálfu sér en hún er þó hlédræg í litavali og heldur sig mest við hvítan og svartan, aðrir litir koma inn í verkin en þeir eru oftast en ekki í gráum og brúnum tónum, rauður og bleikur sjást þá mikið í verkum hennar og gefa myndunum líf og gera þær ef til vill glettnislegri. Í sýningarbækling *Þessa heims og annars* kallar Markús þessa liti „muskliti”<sup>27</sup> og er það mikið réttnefni vegna þess hve einkennandi dauflægir þeir eru. Það er einkar áhugavert að skoða notkun hennar á svörtum lit þar sem hún „slettir svörtu lakki og lætur það leka eins og svartagall”<sup>28</sup> en svartur litur er stór partur í verkum hennar. Oft er bakgrunnurinn alveg bleksvartur og veran í forgrunni er þá hvít, verur Gabríelu í pennateikningunum eða málverkunum eru teiknaðar á flötinn með svörtum útlínunum.

Þegar fígúrir Gabríelu eru skoðaðar má minnst skrifa Bretons um skilin á milli draums og veruleika. Breton taldi drauminn vera raunverulegri heldur en raunveruleikinn sjálfur. Maðurinn eyðir kannski helming ævi sinnar í svefni þar sem hugur hans er í draumaástandi og getur unnið úr öllum þeim hugsunum sem koma upp hverju sinni, í staðinn fyrir að verða sífellt fyrir áhrifum frá umhverfinu og minningunni um það hvernig hlutirnir eiga að vera, en það er einmitt það sem gerist þegar maðurinn er vakandi.<sup>29</sup> Gabríela skapar þessar fígúrir í draumaástandi, eða flæði eins og hún kallar það og reynir að láta umhverfið eða mynnið ekki hafa áhrif á hvernig útkoman verður.

### 3.5. Kaþarsis

Árið 2004 hélt Gabríela einkasýningu í Gallerí i8 í Reykjavík. Þar sýndi hún höggmyndir, myndbönd og teikningar tileinkaðar fyrirbæri sem kallast melankólía. Sýningin bar heitið *Kaþarsis* sem er forngrískt hugtak og merkir „hreinsun” eða „útrás”.<sup>30</sup>

---

<sup>27</sup> Markús Þor Andrésson, bls. 8

<sup>28</sup> Markús Þor Andrésson, bls. 10

<sup>29</sup> *Yfirlýsingar – Evrópska framúrstefnan*, bls. 399

<sup>30</sup> „Hvað felst í hugtakinu “kaþarsis” í leiklist?.” *Vísindavefurinn*. 2007, 5. Nóvember. Sótt 17. október 2009 <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=6885>

Í sýningarbæklingnum er melankólía útskýrð sem ákveðið hugarástand sem hefur verið rannsakað af listamönnum fram eftir öldum. Fyrstu heimildir um melankólíu koma frá Forn-Grikkjum en Platón taldi melankólíu vera „afar næma sál sem hefði sérstaka hæfileika til að ná þeirri gerð alsælu sem æskilegust er.”<sup>31</sup> Melankólían var jafnframt tengd við brjálæði og svartagaldur. Á miðöldum kom upp sú hugmynd að það væru til fjórar skapgerðir út frá fjórum plánetum, t.d. glaðlyndi og Júpíter, bráðlyndi eldinum og Mars, dauflyndi vatninu og mánanum og melankólía jörð og Satúrnusi, sem var guð elli og íhugunar. Melankólían þótti vera nokkurskonar „myrk snilligáfa”. Á miðöldum taldist melankólía vera synd en á endurreisnartímanum þótti hún fylgikvilli snilligáfu.<sup>32</sup> Í dag telst melankólía til þunglyndis og verkin á sýningunni eru í raun birtingarform sjúkdómsins eins og Gabriela hugsar sér að melankólían liti út ef hún væri í lífrænu formi.

Í sýningarbæklingnum segir; „Þær eru sætar, hvítar og bleikar, en geta samt sem áður meitt sig hrottalega er þær skera af sér handlegg til að losa sig við yfirbugandi tilfinningu og skynja þannig veruleikann með grimmilegum hætti. Afmynduð skrýmslin hennar, eins og teiknuð með svartagalli, hafa einnig eitthvað indælt við sig þannig að mann langar til að knúsa þau.”<sup>33</sup> Verurnar eru í allra kvikinda líki, það er ef kvikindi mætti kalla því þau eru ekki lík nokkru sem maður hefur áður séð. Þau koma fram í allskonar formum, eru ýmist löng og mjó, aðeins einn haus eða kafloðin. Þau eru hálf krúttleg í útliti en það er þó eitthvað myrkt við þau.

Breton talar um vitfirringuna, sem hér er kölluð melankólía, og segir vitfirrtá vera „fórnarlömb eigin ýmindunarafls.”<sup>34</sup> Þeir sem eru haldnir þessum sjúkdómi lifa fyrir ímyndunarafl sitt þar sem þeir sjái ofskynjanir og tálýsni. „Í þeim fá bældustu hvatir okkar ákveðna útrás”<sup>35</sup> segir Breton og tekur jafnvel sjálfann sig sem dæmi. Breton talar um hræðsluna við það að láta ímyndunaraflið hlaupa með sig í gönur, að maður geti einfaldlega vífirrst af því

---

<sup>31</sup> Edith Doove og Gabriela Friðriksdóttir. 2004. *Kaparsis*. Gallerí i8, Reykjavík.

<sup>32</sup> Edith Doove og Gabriela Friðriksdóttir, bls 1-2

<sup>33</sup> Edith Doove og Gabriela Friðriksdóttir, bls. 1-2

<sup>34</sup> *Yfirlýsingar – Evrópska framúrstefnan*, bls. 391

<sup>35</sup> *Yfirlýsingar – Evrópska framúrstefnan*, bls. 392

að ímynda sér endalausann viðbjóð.<sup>36</sup> Það má sjá vitfiringu sem þessa koma fram í myndlist allt frá örófi alda, listamenn hafa margir hverjir annað hvort nýtt sér myndlistina til að fá útrás fyrir hvatir sínar eða einfaldlega verið vitfirrtir sjálfir. Gabriela notar myndlistina til að tjá tilfinningar sínar og hérna ákvað hún að fjalla um melankólíuna, eða geðveikina, og breyta henni í lifandi veru. Allar verur hafa ásjónu og sál og það hafa þessar verur líka. Þær eru krúttlegar í vitfirrtum ljótleika sínum.

## 4. Versations/Tetralógía

Árið 2005 var Gabriela valin sem fulltrúi Íslands á Fenejartvíæringnum. Fyrir þann viðburð skapaði Gabriela verkið *Versations/Tetralógía*, þetta er margslungið verk þar sem Gabriela sameinar alla sína uppáhaldsmiðla. Verkið var sérhannað fyrir sýningar skála Íslands. Ári seinna var verkið sett upp í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi. Eins og gefur að skilja eru aðstæður allt aðrar í Hafnarhúsi heldur en í Feneyjum og því varð upplifun áhorfanda á verkinu mismunandi eftir sýningarstöðum. Salurinn í Hafnarhúsi er grár að lit, hrár og grófur en sýningar skálinn í Feneyjum er með hvítmálaða vegg og gólfefni. Vegna þess hve hrár sýningarsalurinn í Hafnarhúsi er má segja að sýningin hafi notið sín betur þar vegna þess hve hrá sýningin er.

### 4.1. Hvað er Versations/Tetralógía?

Í þessu samhengi þýðir orðið “versations” samspil. Þá er átt við það samspil sem Gabriela er að sýna í verkinu, milli mannveranna og náttúruaflanna. Orðið „tetralógía” kemur úr forngrísku, en flestar fyrri innsetningar Gabrielu heita grískum nöfnum. Orðið var notað yfir fjögur samsett leikrit eftir sama höfund. Þá voru þrjú fyrstu verkin harmleikir en fjórða verkið var gamanleikur.<sup>37</sup> Nafnið tetralógía vísar því til myndbandsverkanna sem eru fjögur.

---

<sup>36</sup> Yfirlýsingar – Evrópska framúr stefnan, bls. 391-392

<sup>37</sup> Bergþóra Jónsdóttir. „Ég finn að þau eru að segja takk” *Morgunblaðið* 1 nóvember 2005. Sótt 30. september 2009 [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1047067](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1047067)

Verkið er innsetning sem inniheldur fjögur myndbandsverk, skúlptúra, málverk og lágmyndir. Við gerð verksins vann Gabriela með tónlistarmönnum, kvikmyndagerðarmönnum, hönnuðum og arkitektum. Þar má nefna Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst Haraldsson, Ernu Ómarsdóttur og Sigurð Guðjónsson sem aðstoðuðu Gabrielu við gerð myndbandsverkanna en Björk, Daníel Ágúst, Borgar Þór Magnason og Jónas Sen unnu einnig að tónverkunum en þau eru öll starfandi tónlistarmenn.<sup>38</sup>

Innsetningunni í Feneyjum má lýsa þannig: Áhorfandinn var leiddur inn í lystigarð og þaðan í gegnum inngang úr limgerði, síðan lá leiðin inn í sýningarsalinn sjálfann. Gabriela lýsir innsetningunni sem „hugmyndaheimi“ sem áhorfandinn gangi inní. Áhorfandinn gengur inn í rýmið og við honum tekur visst andrúmsloft. Hann byrjar strax að upplifa stemninguna, fyrst með heyrninni þar sem hann heyrir tónlistina frá myndbandsverkunum, síðan með nefinu því innan rýmisins eru náttúruefni á borð við hey sem ilmar og síðast með sjóninni þegar hann kemur að sýningarverkunum sjálfum.<sup>39</sup> Lýsingin er dimmuð og setur það ákveðin svip á stemninguna í salnum. Áhorfandinn er staddur úti í afbökðuðum ævintýraheimi sem gæti komið úr íslenskri náttúru, þar sem náttúruöflin ráða ríkjum á meðan áhorfandinn gengur á milli myndbandsverkanna og skúlptúrana.

Það voru fjögur myndbandsverk á sýningunni og hafa verið túlkuð sem höfuðáttirnar; norður, suður, vestur og austur en verkin spegla hvort annað og mynda því eitt stórt samspil. Jón B.K. Ransu skrifaði um sýninguna í Morgunblaðið og lýsti hann myndböndunum sem „skúlptúr-gjörning“.<sup>40</sup> Skúlptúrarnir eru úr náttúrulegum efnum og er hey mjög áberandi, það er bundið upp í risa heybagga og áhorfandinn getur gengið í kring. Á myndböndunum sjást kynjaverur sem fylla innsetninguna af forvitnilegu lífi með hegðun sinni. Verurnar raða sér upp og dansa,

---

<sup>38</sup> „Björk vinnur með Gabrielu“ *Morgunblaðið* 20 mars 2005. 30. September 2009. [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1007884](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1007884)

<sup>39</sup> Inga María Leifsdóttir, *Morgunblaðið* 13. janúar 2006. „Lærdómsríkt og gott að vera í þversögn við sjálfa mig.“ Sótt 30. september 2009. [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1060480](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1060480)

<sup>40</sup> Jón B. K. Ransu, *Morgunblaðið* 21. Janúar 2006. „Ferðalag um draumheima og dulvitund“ Sótt 30. september 2009. [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1061923](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1061923)

dansinn táknar daglegt líf þeirra og athafnir. Verurnar eru hluti af náttúrunni og innsetningin er heimili þeirra.

## 4.2. Hugmyndaheimur

Verkið *Versations/Tetralógía* er mjög súrrealískt verk. Verkið sjálft er hugarheimur, sérstök draumaveröld sem Gabríela hefur skapað. Þar er að finna verur sem eru ekki þessa heims, þær eru algjör uppspuni ýmindunarafls Gabríelu en hugmyndin að þeim er sprottin upp úr íslenskum þjóðsögum og öðrum heimildum. Hegðun veranna er jafnvel ógnvekjandi en annars mjög skiljanleg miðað við dýrategundir úr okkar heimi. Lífsbaráttan er eðlilegur hluti af daglegu lífi hjá öllum verum. Samspil á milli vera; dýra og manna er nokkuð sem gerist á hverjum degi og er nokkuð sem heldur lífinu gangandi.

Eins og sagt var hér á undan sagði Gabríela innsetninguna vera hugmyndaheim sem áhorfandinn gengi inn í til að upplifa umhverfið. Verkið var unnið í beinu framhaldi af fyrri innsetningum hennar þar sem Gabríela hefur frá upphafi viljað kanna áhrif áhorfandans á sýninguna – samspilið á milli listarinnar og áhorfandans, áhorfandans og listarinnar. Þessi hugmyndaheimur minnir ef til vill á afbakaðan ævintýraheim úr íslenskri náttúru vegna þess að þar er að finna verur sem minna á tröll, hulduverur og jötna. Þetta er goðsögulegur ævintýraheimur og heimili undarlegra náttúruvera sem virðast „rísa úr iðrum jarðar eða fæðast”.<sup>41</sup>

Ransu talar í grein sinni um „táknfræðileg smáatriði.” Hann talar um að trérætur sé tákn um taugakerfi og lífskraft og að vatn sé tákn sálar.<sup>42</sup> Sé svo má hugsa sem svo að þegar áhorfandinn gangi inn í innsetningu Gabríelu sé hann að opna sál sína og taugakerfi fyrir nýjum lífskrafti, eða eins og Gabríela myndi orða það; opna sál sína fyrir nýrri reynslu. Það má segja að áhorfandinn horfi inn í taugakerfi Gabríelu því verkið er hennar sköpun, áhorfandinn er því að

---

<sup>41</sup> Jón B. K. Ransu, „Ferðalag um draumheima og dulvitund”.

<sup>42</sup> Jón B. K. Ransu, „Ferðalag um draumheima og dulvitund”.



horfa inn í innri persónu Gabríelu. Þarna öðlast áhorfandinn nýja vitneskju um heiminn, inni í þessum ævintýraheimi sem minnir Ransu einna helst á Grímsævintýri eða Disney teiknimynd.

Í verkinu *Versations/Tetralógía* er Gabríela að búa til ævintýraheim fyrir fullorðna samkvæmt skilgreiningu Breton. Honum finnast ævintýri ekki eiga að vera eingöngu fyrir börn heldur eigi líka að vera til ævintýri fyrir fullorðna. „Eðli mannsandans tekur engum róttækum breytingum. Óttinn, hrifningin yfir hinu furðulega, gæfan, smekkurinn fyrir íburðinum, allt eru þetta hvatir sem aldrei verður höfðað til að ósynju.”<sup>43</sup> Gabríela býr til þennan ævintýraheim hinna fullorðnu af einskærri einlægni og sakleysi, það má segja að þarna komi fram barnið í Gabríelu. Verkið sýnir hugmyndaheim bernsku hennar sem innihélt ævintýraheim, heimurinn var fallegur, villtur og frjáls en á sama tíma var þar að finna ótta og martraðir. Ólíkt ævintýraheimi barnanna býr oft myrkur í ævintýraheimi hinna fullorðnu.<sup>44</sup>

### 4.3. Tónlist Tetralógíu

Tónlistin sem er spiluð í myndbandsverkunum var unnin af Björk Guðmundsdóttur, Daníel Ágúst Haraldssyni, Borgari Þór Magnússyni og Jónasi Sen. Tónlistin var upphaflega samin ú frá píanóverki sem eftir Gabríelu sjálfa. Þetta var einföld melódía sem Gabríela hafði spilað á píanó reglulega síðan hún var unglingur og það hún áður nefnda tónlistarmenn að semja tónlistarverk sem síðar var klippt saman til að mynda tetralógíuna sem myndar eitt heildar verk þó að myndbandsverkin sjálf séu hvert og eitt einstök í sjálfu sér.<sup>45</sup>

Tónlistin sem um ræðir er mjög dramatísk. Píanóverkið hefst mjög rólega og setur þar með ákveðna stemningu í myndbandið og innsetninguna. Þetta er ævintýrastaður og þarna eru átök á milli veranna sem þarna búa og því verður tónlistin dramatískari og hún magnast alltaf

---

<sup>43</sup> *Yfirlýsingar – Evrópska framúr stefnan*, bls. 406

<sup>44</sup> Auður Ólafsdóttir, bls. 224.

<sup>45</sup> Laufey Helgadóttir. 1. Maí 2005. „Gabríela Friðriksdóttir – Versations Tetralogia at Venice Biennial 2005” LIST – Icelandic Art News. <http://www.cia.is/news/mai05/gabriela.html>

meira og meira þar til hún nær ákveðnu hámarki. Tónlistin fær hár sýningargesta til að rísa, því spennan er svo kyngimögnuð og passar vel við andrúmsloftið.

Seinna vann Gabriela að tónlistarmyndbandi fyrir Björk við lagið *Where is the Line* og svipar myndbandið til myndbandsverkanna úr *Versations/Tetralógía*. Þar koma fyrir náttúruvættirnir, verurnar úr heyinu og hvítu verurnar sem virðast fæðast úr jörðinni. Í myndbandinu kemur fyrir mikil togstreita milli veranna, þær virðast berjast innbyrðis, fleiri verur bætast í hópinn og þær sameinast í nokkurskonar togstreitu-dansi, að lokum draga þær sig saman og fara aftur inn í fylgsni sín.<sup>46</sup>

#### 4.4. Upplifun áhorfandans

Í *Morgunblaðinu* segir Ransu frá samtali við kunningja sinn, sem er fyrrverandi eiturlyfjasjúklingur, en hann líkir sýningunni í Hafnarhúsi við það að vera kominn niður á jörðina eftir neyslu.<sup>47</sup> Þegar inn í salinn er komið blasa við áhorfandanum hljóð og tónlist. Hann finnur lyktina af heyinu og vegna dimmrar lýsingar inni í salnum á áhorfandinn í fyrstu erfitt með að átta sig á hvar hann sé. Þegar sjónin jafnar sig og venst myrkrinu getur áhorfandinn horft í kringum sig og áttað sig á umhverfinu. Verkið þótti „öðruvísi” þegar það var sýnt úti í Feneyjum, hljóðin og lyktin af heyinu, verurnar í myndböndunum og skúlptúrarnir þóttu vera mjög undarleg og jafnvel yfirþyrmandi, eitthvað sem maður ætti að hræðast. Áhrifin hafa væntanlega verið þeim mun ýktari á Listasafni Reykjavíkur, í köldum sýningarsölunum.

Ég fór á sýninguna á Listasafni Reykjavíkur og mér finnst þetta vera mjög eftirminnileg sýning. Ég hafði litla hugmynd um hvað ég væri að fara að sjá þegar ég gekk inn í salinn. Það sem er mér í fersku minni er andrúmsloftið sem greip mig þegar ég gekk inn í myrkann sýningarsalinn. Ég fann lyktina af heyinu og heyrði ómínn af myndbandsverkunum í salnum.

---

<sup>46</sup> Tónlist.is: „Where is the line – Björk”

<http://www.tonlist.is/Video/MusicVideo/1013/bjork/Music/Player.aspx?AlbumID=289675>

<sup>47</sup> Jón B. K. Ransu, „Ferðalag um draumheima og dulvitund”

Mér varð strax frekar ómótt og var ekki alveg viss hvort ég vildi vera þarna inni en fannst þetta samt spennandi, eins og að vera komin inn í annann heim. Ég gekk framhjá heyböggum og sá myndband innan í einum þeirra. Það var lítið um að vera á myndbandinu þannig að ég hélt áfram inn gang sem var byggður úr stöfluðum heyböggum. Það var myrkur þarna inni og fullt af ógnandi hljóðum, ég hélt ég væri ein inni á sýningunni en mér til mikillar geðshræringar mætti ég fólki inni í göngunum og mér brá svo svakalega að ég hörfaði. Á leið minni út gekk ég aftur framhjá heybagganum með myndbandinu en á myndbandinu voru aðrir heybaggar sem höfðu verið hreyfingarlausir þegar ég gekk þar framhjá áður en núna höfðu þeir lifnað við. Þessi sjón gerði það að verkum að ég varð enn hræddari en áður og ég gekk því út úr sýningarsalnum. Þegar ég kom út í bíl velti ég því fyrir mig hvers konar sýningu ég hefði eiginlega séð. Ég reyndi að útskýra þetta fyrir skólafélögum mínum daginn eftir en það var bara hlegið að mér, að ég skyldi láta þetta hafa svona mikil áhrif á mig.

Núna er ég nokkuð viss um að þetta er einmitt það sem Gabriela vildi gera með sýningunni, hræra í fólki og vekja það til umhugsunar um það sem býr hið innra.

## Niðurlag og lokaorð

Í upphafi ritgerðarinnar lagði ég upp með þrjár spurningar; hvort Gabriela sé súrrealísk, hvað geri hana að súrrealista og hvernig hún setur fram draumaheima, melankólíu og hugarheima á súrrealískann hátt.

Gabriela er undir áhrifum frá íslenskum og erlendum myndlistarmönnum og þar má helst nefna Súm og Matthew Barney en hún hefur unnið með honum að sýningum en þar má meðal annars nefna *Operazione oesophagus / Hoist*. Það sem Gabriela hrífst af í verkum Barney's er hvernig hann skapar persónulega og sjálfstæða hugarheima. Gabriela, líkt og Barney, skapar persónur og umhverfi líkt og hún sé að setja upp leikrit eða sögusvið í kvikmynd. Greina má fagurfræðileg áhrif frá Barney t.d. í *Versations/Tetralógía* þar sem fagurfræðin er mjög raunsæ, líkt og hjá Barney þar sem hugarheimurinn, sögusviðið og persónurnar eru mjög raunverulegar bæði í útliti og anda.

Í verkum Gabrielu er að aflimaðar eða vanskapaðar verur og afmyndaða líkama. Þarna vinnur Gabriela með fagurfræði sem greina mætti sem “abject art” þar sem sýndir eru bæklaðir líkamar og minna á aflimaðar brúður Hans Bellmers. “Abject art” er tengt súrrealismanum að því leyti að fylgjendum er kleift að túlka innstu óra sína, drauma, martraðir og dulda hugarheima. Gabriela vísar oft í melankólíu, en það er sálfræðilegt fyrirbæri sem þekkt hefur í alder. Í dag telst melankólía þunglyndi. Aflimuð dýr Gabrielu tengjast melankólíunni á þann hátt að Gabriela persónugerir melankólíuna. Gabriela gefur verunum heitar tilfinningar og þannig viti borið líf. Verurnar finna fyrir sársauka, þunglyndi, eynd og depurð. Þær eru komnar úr ævintýraheimi sem oftast eru glaðlegir staðir en Gabriela sýnir verurnar sem aumkunarverð dýr sem er sýnd vorkunn. Á sama tíma þykja dýrin krúttleg og falleg, ef litið er framhjá ljótleika þeirra má sjá að þau hafa fallegar sálir. Það er innihaldið sem skiptir máli.

Stærsta sýning Gabrielu var *Versations/Tetralógía* en þar fjallaði hún um hugtakið “versations“ sem þýðir samspil. Gabriela vann með höfuðáttirnar fjórar og samspil þeirra. Í verkinu sýnir Gabriela náttúruverur, samspil þeirra og hvernig þær há lífsbaráttuna. Einnig samspil tónlistar og myndlistar, og samspil myndlistarmanna og tónlistarmanna í eiginlegri

merkingu. Hún skapaði þar hugarheim sem kalla má ævintýri fyrir fullorðna. Í verkinu má sjá áhrif frá Matthew Barney í formi hugarheimsins, söguviðsins og efnisnotkunarinnar.

Í ritgerðinni eru vinnuaðferðir og verk Gabríelu sett í samhengi við *Stefnuyfirlýsingu súrrealista* eftir André Breton. Breton fjallar um sjálfrátt vinnuflæði og Gabríela sjálf talar um að ákveðið flæði hellist yfir hana þegar hún vinnur að verkum sínum. Þar að auki hefur Gabríela fjallað um nokkur af stærstu umhugsunarefnum Bretons t.d. melankólíuna. Breton talar einnig um skilin á milli draums og veruleika en þegar hugarheimar Gabríelu eru skoðaðir má velta fyrir sér hvoru megin við línuna hún sé. Breton minnst á ævintýri fyrir fullorðna en þannig má lýsa *Versations/Tetralógíu*. Þar sýnir Gabríela ævintýraheim sinn úr barnæsku en nú er Gabríela fullorðin og því er ævintýraheimurinn raunsærri og inniheldur bæði gott og illt, eins og er í hinum raunverulega heimi.

Verk Gabríelu eru spunnin út frá hefðbundum viðfangsefnum listamanna eins og melankólíu, sem hún færir í nýjan búning. Það gerir hún með því að skapa martraðakennda hugarheima. Þegar gengið er inn á sýningu hjá Gabríelu er ekki bara gengið inn til að skoða eitt tiltekið verk heldur til að ganga inn í ævintýraheim hennar. Þar sjáum við hvernig Gabríela sér raunveruleikann og drauminn, hún stendur á línunni mitt á milli.

## Heimildaskrá

### Bækur

Auður Ólafsdóttir. 2005. Á kafi í aðgerðum. Um myndlist Gabríelu Friðriksdóttur. *Skírnir* 179 (vor). Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, bls. 219-227.

Gunnar. J. Árnason. 2001. Þorvaldur Þorsteinsson: Listamaður í gagnvirki samfélagsins. *Skírnir* 175 (haust). Hið íslenska bókmenntafjelag, Reykjavík, bls. 589-597.

Halldór Björn Runólfsson. 2009. Times of Continuous Transition. *Icelandic Art Today*. Hatje Cantz Forlag, Ostfildern, bls. 10-27.

Kristeva, Julia. 1980. *Desire in language: a semiotic approach to literature and art*. Columbia University Press.

Ólafur Gíslason. 1989. *SÚM 1965-1972 Eftirmáli*. SÚM 1965-1972. Listasafn Reykjavíkur, Kjarvalsstaðir gaf út. Reykjavík.

Rabinovich, Celia. 2004. *Surrealism and the Sacred*. Westview Press, Colorado.

*Yfirlýsingar – Evrópska framúrstefnan*. 2001. Ritstjóri Vilhjálmur Árnason. Íslenskar þýðingar og skýringar eftir Áka G. Karlsson, Árna Bergmann og Benedikt Hjartarson sem jafnframt ritaði inngang. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

### Greinar úr *Morgunblaðinu* (*mbl.is*)

1999. „Gabríela með innsetningu í Gallerí Sævars Karls.” *Morgunblaðið*, 29. janúar. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=446070](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=446070)

1999. „Skúlptúr, innréttuð málverk og rafrænir tónar.” *Morgunblaðið*, 31. mars. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=459073](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=459073)

2001. „Rómantískar aðgerðir.” *Morgunblaðið*, 17. febrúar. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=589551](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=589551)

2002. „Uppstoppaðar hugmyndir.” *Morgunblaðið*, 26. október. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=694826](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=694826)

2005. „Björk vinnur með Gabríelu.” *Morgunblaðið*, 20. mars. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1007884](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1007884)

Bergþóra Jónsdóttir. 2005. „Ég finn að þau eru að segja takk.” *Morgunblaðið*, 1. nóvember. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1047067](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1047067)

Halldór Björn Runólfsson. 2001. „Sál dýranna.” *Morgunblaðið*, 4. mars. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=592559](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=592559)

Inga María Leifsdóttir. 2006. „Lærdómsríkt og gott að vera í þversögn við sjálfa mig.” *Morgunblaðið*, 13. janúar. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1060480](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1060480)

Jón B. K. Ransu. 2002. „Grótesk fegurð.” *Morgunblaðið*, 6. nóvember. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=696723&searchid=ba84e-6af5-ba7da](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=696723&searchid=ba84e-6af5-ba7da)

Jón B. K. Ransu. 2006. „Ferðalag um draumheima og dulvitund.” 21. janúar. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=1061923](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1061923)

Jón Proppé. 1999. „Rokkað í Eyjum.” *Morgunblaðið*, 11. apríl. Sótt í gagnasafn *Morgunblaðsins* 30. september 2009 af [http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=460814](http://mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=460814)

## Sýningarskrár

Laufey Helgadóttir. 2005. *Versations/Tetralógía*. Sýningarskrá á Feneyjartvíæringnum 2005.

Edith Doove og Gabríela Friðriksdóttir. 2004. *Kaþarsis*. Gallerí i8, Reykjavík.

Markús Þór Andrésson. 2007. *Þessa heims og annars*. Listasafn Árnesinga, Hveragerði.

## Vefsíður

Fréttasafn. 14. Maí 2005. „Ný sýning á Listasafninu.” Akureyri.is. Sótt 27. Desember 2010. Vefslóð: <http://www.akureyri.is/frettir/frettasafn/nr/6099>

PBS.org. “Matthew Barney. Biography.” Sótt 15. Maí 2010. Vefslóð: <http://www.pbs.org/art21/artists/barney/index.html>

Artdaily.org. 2006, 20. júlí. “Gabríela Friðriksdóttir Inside the Core at Migros Museum.” Sótt 5. nóvember 2009 Vefslóð: [http://www.artdaily.org/indexv5.asp?int\\_sec=11&int\\_new=16663](http://www.artdaily.org/indexv5.asp?int_sec=11&int_new=16663)

Richard Leslie. “Surrealism. The Dream of Revolution.” History of Art. Sótt 10. mars 2010 Vefslóð: [http://www.all-art.org/history800\\_dream\\_of\\_revolution3.html](http://www.all-art.org/history800_dream_of_revolution3.html)

Laufey Helgadóttir. 2005, 1. Maí. „Gabríela Friðriksdóttir – Versations Tetralogia at Venice Biennial 2005.” *LIST – Icelandic Art News*. Sótt 5. nóvember 2010. Vefslóð:  
<http://www.cia.is/news/mai05/gabriela.html>

Biography. “Hans Bellmer Kattovitz 1902 – Paris 1975.” Sótt 15 maí 2010. Vefslóð:  
<http://www.hans-bellmer.com/>

Black dog institute. 2009, 23. apríl. “Depression explained: types.” Sótt 27. Desember 2010  
Vefslóð:  
<http://www.blackdoginstitute.org.au/public/depression/depressionexplained/types.cfm#Melancholic>

Tate Collection. “Abject art.” Sótt 15. maí 2010. Vefslóð:  
<http://www.tate.org.uk/collections/glossary/definition.jsp?entryId=7>

Tónlist.is. „Where is the line – Björk.” Sótt 7. október 2009. Vefslóð:  
<http://www.tonlist.is/Video/MusicVideo/1013/bjork/Music/Player.aspx?AlbumID=289675>

Vísindavefurinn. 2007, 5. Nóvember. „Hvað felst í hugtakinu “kaþarsis” í leiklist?.” Sótt 17. október 2009. Vefslóð: <http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=6885>